

415. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 25. september 2015 kl. 15:00 í fundarsal Bændasamtaka Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson, formaður, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ, Sigurður Loftsson formaður LK, Sigurður Eypórsson frkvstj. BÍ, Gunnar Þorgeirsson formaður SG og Þórarinn Pétursson formaður LS og Rebekka Hilmarsdóttir lögfræðingur í ANR. Þórhallur Arason var fjarverandi. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir ANR.

Í upphafi fundar bauð formaður Rebekku velkomna til starfa í nefndinni.

Þetta var gert:

1. Lögð var fram fundargerð 414. fundar og var hún samþykkt án athugasemda.
2. Tillaga SAM að greiðslumarki mjólkur verðlagsárið 2016.
Lagt var fram bréf SAM dags. 18. september 2015, þar sem lagt er til að greiðslumark mjólkur vegna verðlagsársins 2016 verði 137 milljónir lítra. Er söluáætlunin byggð á söluþróun mjólkurafurða síðustu 24 mánuði, en samkvæmt því er gert er ráð fyrir að sala umreiknuð á fitugrunn verði um 133 millj. lítra en 4 millj. lítra verði notaðar til birgðaaukningar. Samþykkt var að leggja til við ráðherra að heildargreiðslumark ársins 2016 verði 137 milljónir lítra.
3. Endurskoðun beingreiðslna í garðyrkju 1. október 2015 og tillaga að nýrri framleiðsluspá. Endurskoðuð tillaga Bændasamtakanna að beingreiðslum vegna ársins 2015 samkvæmt framleiðsluspá framleiðenda er sem hér segir: gúrkur 2.004,8 tonn, paprika 235 tonn og tómatar 1.500 tonn, en uppiþgreiðsluverð samkvæmt reglugerð hækkar 1. október í 93%. Tillagan var staðfest.
4. Ásetningshlutfall sauðfjár fyrir almanaksárið 2016, samkvæmt 39. gr. búvörlaga. Rætt var um ásetningshlutfall sauðfjár fyrir næsta ár. Nefndin leggur til við ráðherra að ásetningshlutfall sauðfjár á lögbylum fyrir árið 2016 verði óbreytt frá fyrra ári, þ.e. 0,70 á hvert ærgildi greiðslumarks. Var tillagan samþykkt með meirihluta fundarmanna en Sigurgeir Sindri og Sigurður Loftsson sátu hjá.

Fleira ekki gert, fundi slitið.